

34

11. apr.

		Ípeningum		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
34.	1 hndr. 8 fjórðungar sauðskinn, af tvævetrum og eldri ... 10 pund á	6	»	48	»	40
35.	— 12 — sauðskinn, af veturgömlum og ám . — — -	4	»	48	»	40
36.	— 6 — selskinns — — -	10	»	60	»	50
37.	— 240 lambskinn (vorlamba), einlit ... hvert á	»	17	40	80	34
<i>G. Ýmislegt.</i>						
38.	1 hndr. 6 pd. af æðardún, vel hreinsuðum, pundið á	14	»	84	»	70
39.	— 40 — — — óhreinsuðum ... — -	»	»	»	»	»
40.	—120 — — fuglafiðri 10 pund -	4	50	54	»	45
41.	—480 — — fjallagrösnum — — -	»	»	»	»	»
42.	5 álnir 1 dagsverk um heyannir.....	2	50	60	»	50
43.	— 1 lambsfóður	3	50	84	»	70

Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í fyrtöldum landaurum verður:

<i>Eptir A. eða í friðu</i>	72	35	60
— <i>B. — í ullu, smjöri og tólg</i>	55	50	46
— <i>C. — í ullar-tövöru</i>	63	»	53
— <i>D. — í fiski</i>	50	10	42
— <i>E. — í lýsi</i>	18	»	15
— <i>F. — í skinna-vöru</i>	48	16	40

En meðalverð allra landaura samantalið
og skipt með 6, sýnir:

meðalverð allra meðalverða 51 19 43

Reykjavík 11. dag aprílmán. 1889.

E. Th. Jónassen. P. Pjetursson.

35

1888
10. des.

Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um fullnægingu dóma og sætta í einkamálum er ákveða sektir til landssjóðs, fátækra sjóða eða annara opinberra sjóða. — Til þess að nauðsynlegt eptirlit geti orðið haft með því, að sektir, sem landssjóði eða öðrum opinberum sjóðum kunna að vera dæmdar í einkamálum, sjeu greiddar að svo miklu leyti, sem hlutadeigendur kjósa ekki heldur að afplána þær, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir alla sýslumenn og bæjarfógeta, sem þjer eruð skipaður yfir, að senda yður eptirrit af niðurlagi þeirra dóma í einkamálum, sem eptirleiðis verða kveðnir upp í lögsagnarumdæmum þeirra og þar sem landssjóði, fátækra sjóðum eða öðrum opinberum sjóðum eru dæmdar sektir, og að afgreiða eptirritin af slíkum dómum til yðar með fyrsta pósti eptir að dómarnir eru kveðnir upp, en síðan ber yður að hafa eptirlit með, að dómunum verði fullnægt annaðhvort með borgun eða afplánun sektanna. Sömuleiðis vil jeg skora á yður að brýna fyrir tjeðum embættismönnum, að þeim beri ex officio, og án þess að bíða eptir sjerstakri skipun frá yður í hvert skipti, að hlutast um fullnustugjörð slíkra dóma á lögskipaðan hátt að því er umgetnar sektir snertir.

Að endingu skal jeg taka fram, að jeg vonast eptir að þjer, herra amtmaður, hafið eptirlit með því, að sáttanefndirnar í umdæmi yðar láti hlutadeigandi hreppsnefndaroddivitum í tje skýrlur þær, sem ræðir um í kansellíumburðarbrjefi 19. janúar 1799, viðvíkjandi sektum, er eptir sáttagjörningum eiga að renna til fátækra.